

Ed.

534. Frumvarp

til laga um innflutning á kjarnfóðri o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórnin lætur fram fara rannsókn á notagildi innlends kjarnfóðurs, bæði til gripaeldis og alifugla, og birtir niðurstöður þeirrar rannsóknar á þann hátt, að almenningur hafi greiðan aðgang að. Einnig lætur hún athuga notagildi sildarmjöls og beinamjöls til áburðar.

2. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga setur atvinnumálaráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, og má í reglugerðinni ákveða sektir fyrir brot gegn fyrirmælum þeim, er þar kunna að verða sett, svo og að ólöglega innflutt vara skuli upptæk gerð og andvirði hennar renna í ríkissjóð. Skulu mál út af slíkum brotum rekin sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og gilda ákvæði 1. og 3. gr. til 1. júlí 1935.